

Lykilhæfni – leiðir og leiðsögn

Þann 14. ágúst næstkomandi efna **Samtök áhugafólks um skólaþróun** til ráðstefnu þar sem leitast verður við að svara spurningunni:

Hvernig náum við best þeim markmiðum sem sett eru með skilgreiningu á lykilhæfni í námskrá (hæfni í tjáningu, samræðu, skapandi og gagnrýninni hugsun, samvinnu, sjálfstæðum vinnubrögðum, að nýta ólíka miðla og taka ábyrgð á eigin námi) og hvernig er best að haga mati á þessari hæfni?

Ráðstefnan verður í Rimaskóla í Reykjavík.

Árdegis verða stuttir fyrirlestrar en síðdegis fjölbreytt dagskrá með kynningum á skólaverkefnum, sýningum og vinnustofum.

Aðalerindi flytja:

	<p>Anna Magnea Hreinsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs Borgarbyggðar Sjáðu hvað ég get! Hvað er mikilvægast að börn læri í leikskóla og hvaða nám erum við að meta? Hvernig stuðla leikskólakennarar að því að börn öðlist hæfni, þekkingu og leikni í grunnþáttum menntunar?</p>
	<p>Hulda Dögg Proppé. Íslenskukennari á unglíngastigi í Sæmundarskóla, Grafarholti Hvernig á ég að meta þetta? Að finna leið að settu marki Það er hægara sagt en gert að breyta meginhugsuninni að baki námsmati. Fjallað verður um þá hugarfarsbreytingu sem þarf að eiga sér stað þegar nemendur eru metnir eftir nýjum matsviðmiðum aðalnámskrár og það ferðalag sem slík vinna felur í sér fyrir kennarahópinn.</p>



Ívar Rafn Jónsson framhaldsskólakennari og doktorsnemi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
LeiðsagnarNÁM - Samtal milli kennara og nemenda
Mikilvægi samtalsins í námi með hliðsjón af ólíkri námsmatsmenningu, þar sem um leiðsagnarnám er í forgrunni. Hvað finnst nemendum og kennurum um námsmat og endurgjöf í framhaldsskóla. Leitast verður við að reifa svörin með von um að finna leiðarljós við að taka næstu skref í þróun námsmats sem er í þágu nemandans og hæfni hans í námi.



Kristín Ingólfssdóttir prófessor og f.v. háskólarektor
Stenst menntakerfið tæknibyltinguna?
Kristín ætlar að fjalla um veldisvöxt tæknibyltingar og áhrif hraðans á atvinnulíf, menntastofnanir, verðmætasköpun og samfélög. Hún ætlar að velta upp með hvaða hætti menntakerfið geti sem best undirbúið nemendur á öllum skólastigum til þátttöku í breyttu samfélagi þar sem flestar, ef ekki allar, atvinnugreinar munu kalla eftir nýrri tegund þekkingar og færni.



Meyvant Þórólfsson dósenti við Kennaradeild Háskóla Íslands
Lykilhæfni: Alhliða hæfni sem snertir alla þætti uppeldis og menntunar
Byltingar liðinna alda eins og upplýsingin, iðnbyltingin og nýlendustefnan teljast líklega minni háttar breytingaskeið í sögu mannkyns í samanburði við þau umbrot sem við horfumst í augu við nú á tímum undir merkjum hnattvæðingar og nútímavæðingar. Í erindinu er þessi þróun sett í samhengi við hugtakið hæfni eins og það birtist í námskrárþróun undir heitinu lykilhæfni.



Stefanía Malen Stefánsdóttir skólastjóri Brúarásskóla

Með lykilhæfni að leiðarljósi!

Um Brúna - þróunarverkefni í Brúarásskóla

Hvað viljum við að börnin okkar læri? Kynntar verða þær breytingar sem hafa orðið og verið er að þróa, á kennsluháttum í Brúarásskóla. Brúin er þróunarverkefni þar sem markmiðið er að efla ábyrgð, sjálfstæði og val nemenda ásamt því að brjótast úr viðjum faggreinakennslu og einbeita sér að viðfangsefnum.

Sjá nánari upplýsingar og skráningu á www.skolathroun.is



Ráðstefna í Rimaskóla

14. ágúst 2017